

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
121. fundur –10. desember 2007

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 10. desember 2007, og hófst hann kl. 18:0. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna heilbrigðiseftirlitsins. Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1 Fundargerð 120. fundar heilbrigðisnefndar frá 26. nóvember 2007

Samþykkt

2 Fundargerð 105. starfsmannafundar frá 5. desember 2007

2.1 Starfsleyfi

Hafnarfjörður

2.1.1 Bæjarhraun 16, Hafnarfjörður - gistiheimili.

Lögð fram umsókn Bárðar Halldórssonar, f.h. BP ehf., kt. 440898-2039, dags. 22.11.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis án veitingasölu að Bæjarhrauni 16, Hafnarfirði. Húshluti, 0201, 0202, 0301 og 0302 Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.2 Eyrartröð 6, Hafnarfjörður - málmsmiðja.

Lögð fram umsókn Gunnlaugs Steingrímssonar, f.h. Fjarðarstáls ehf., kt. 691298-4269, dags. 04.12.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs járn-, ál- og stálsmiðju að Eyrartröð 6, Hafnarfirði. Húshluti, allt húsið. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.3 Hellnahraun, 3 áfangi, Hafnarfjörður - færanleg malbikunarstöð og malarvinnsla.

Lögð fram umsókn Stefáns Eiríks Stefánssonar, VSO Ráðgjöf, f.h. Klæðningar ehf. dags. 10.12.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vinnubúða, færanlegrar malbikunarstöðvar, malarvinnslu vegna gatnagerðar og veituframkvæmda í Hellnahrauni, 3. áfanga, Hafnarfirði. Frestað og óskað upplýsinga um rykhreinsibúnað malbikunarstöðvar og ryk- og hávaðavarnir við mulning á grjóti.

2.1.4 Mjósund 10, Hafnarfjörður - félagsaðstaða.

Lögð fram umsókn Geirs Bjarnasonar, f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 590169-7579, dags. 26.11.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs félagsaðstöðu að Mjósundi 10, Hafnarfirði. Húshluti, neðri hæð. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.5 Melabraut 18, Hafnarfjörður - þvotta- og bónstöð.

Lögð fram umsókn Gísla F. Friðjónssonar, f.h. Hópbíla hf., kt. 430192-2059, dags. 03.12.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs þvotta- og bónstöðvar að Melabraut 18, Hafnarfirði. Húshluti, allt húsið. Endurnýjun.

Aðstaða fyrirtækisins er að stórum hluta samþætt fyrirtækinu Hagvögnum hf. Gildistími starfsleyfis Hagvagna er til 29.01.2012.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar og til samræmis við tengda starfsemi í húsnæðinu er starfsleyfi samþykkt til 29.01.2012, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.6 Óseyrarbraut 4, Hafnarfjörður - verkstæði.

Lögð fram umsókn Más Sveinbjörnssonar, f.h. Hafnarfjarðarhafnar, kt. 590169-5529, dags. 04.12.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis að Óseyrarbraut 4, Hafnarfirði. Húshluti, allt húsið. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.7 Smyrlahraun 2, Hafnarfjörður - heimagisting.

Lögð fram umsókn Stefáns Þorra Stefánssonar, kt. 060467-8389, dags. 27.11.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heimagistingar að Smyrlahrauni 2, Hafnarfirði. Húshluti, neðri hæð. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Kópavogur

2.1.8 Hagasmári 4, Kópavogur - gisting, starfsmannabúðir.

Lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar, f.h. Byggingafélags Gylfa og Gunnars ehf., kt. 681290-2309, dags. 27.11.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistingar og starfsmannabúða að Hagasmára 4, Kópavogi. Ný starfssemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 1 árs, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu byggingafulltrúa.

2.1.9 Rjúpnasalir 1, Kópavogur - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Bjarka Péturssonar, f.h. Bónusvídeós ehf., kt. 621292-3159, dags. 28.11.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs á matvöruverslun að Rjúpnasölum 1, Kópavogi. Húshluti: 0103. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.2 Umsagnir

Garðabær

2.2.1 Smiðsbúð 9, Garðabær - rekstrarleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 29.11.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðmundar Arnfjörð, um rekstrarleyfi fyrir Pizzuna, sem rekin er að Smiðsbúð 9, Garðabæ. Rekstraraðili er G. Arnfjörð ehf., kt. 420502-4940.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd samþykkti, 30.09.2002 að veita G. Arnfjörð ehf., kt. 420502-4940, starfsleyfi fyrir matvöruverslun. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi til reksturs Pizzunnar, samkvæmt I flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingaverslun að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Hafnarfjörður

2.2.2 Strandgata 75, Garðabær - rekstrarleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 29.11.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðmundar Arnfjörð, um rekstrarleyfi fyrir Pizzuna, sem rekin er að Strandgötu 75, Hafnarfirði. Rekstraraðili er G. Arnfjörð ehf., kt. 420502-4940.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd samþykkti, 25.09.2006 að veita G. Arnfjörð ehf., kt. 420502-4940, starfsleyfi fyrir matvöruverslun. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi til reksturs Pizzunnar, samkvæmt I flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingaverslun, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

2.2.3 Bæjarlind 2, Kópavogur - rekstrarleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 20.11.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kristins J. Gíslasonar, f.h. Goodfellas ehf., kt. 530707-0910 um rekstrarleyfi fyrir veitingahúsið Rizzo pizzeria að Bæjarlind 2, Kópavogi. Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki III.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:
Frestað þar sem starfsleyfi og úttekt vantar.

2.3 Tóbakssöluleyfi

Kópavogur

2.3.1 Rjúpnasalir 1, Kópavogur - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Ragnheiðar Gunnarsdóttur, f.h. Bónusvídeós ehf., kt. 621292-3159, dags. 28.11.2007, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu að Rjúpnasölum 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Leyfisveiting samþykkt.

3 Skipulagsmál

Glaðheimar. Veruleg breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

Með bréfi dags. 3. desember 2007 óskar Bæjarskipulag Kópavog eftir umsögn um verulega breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 vegna ofangreinds máls.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd telur ekki óeðlilegt að breyta núverandi notkun á opnusvæði til sérstakra nota (hesthúsasvæði Gusts að Glaðheimum) í stækkun svæðiskjarna tengdum Smáranum sem liggur vel við umferðarmannvirkjum. Unnin hefur verið umferðarskýrsla þar sem færð eru rök fyrir því að umferðamannvirki komi til með að þjóna tilgangi sínum og telur heilbrigðisnefnd að í frekari vinnu að skipulagi eigi að leggja áherslu á hljóðvist og loftgæði í byggingum og stuðla að góðri hljóðvist og loftgæðum þeirra sem erindi eiga á svæðið og þeirra sem vilja geta sinnt erindum sínum með gönguferðum og hjólræðum. Jafnframt þarf að mati nefndarinnar að taka tillit til íbúðasvæðis sem næst er umræddu svæði varðandi hljóðvist”

4 Umgengni utan húss á hesthúsasvæði

Lagt fram minnisblað dags. 6. desember 2007 um niðurstöður úr eftirlit við nokkur hesthús við göturnar Sörlaskeið og Kaplaskeið í Hafnarfirði.

5 Önnur mál

5.1 Óviðunandi umgengni um lóð

Rætt um óviðunandi umgengni um lóð í íbúðarhverfi í Hafnarfirði sem þarf að hreinsa á kostnað lóðarhafa ef hreinsun verður ekki framkvæmd innan tilskilins frests

5.2 Búseta í húsnæði við ófullnægjandi aðstæður m.t.t. hollustuhátta

Rætt um húsnæði þar sem við eftirlit hefur komið í ljós að fólk býr við heilsuspillandi aðstæður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10

Júlíus Kr. Björnsson

Gestur Pétursson

Birna Ólafsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Steingrímur Steingrímsson

Halla Halldórsdóttir

Sigurgeir Ólafsson